

**Nr. 19-077 S 052 Oliver SH 248*****Bilun í stýri og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 6342  
Útgerð: Gleðigjafi ehf  
Smíðaður: Reykjavík 1982, plast  
Stærð: 7,94 bt. 3,28 brl.  
Mesta lengd: 9,75 m Skráð lengd: 9,74 m  
Breidd: 2,70 m Dýpt: 1,35 m  
Vél: Yanmar 85 kW, 2003  
Fjöldi skipverja: 1



Oliver©Fannar Baldursson

**Gögn:**

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 21. og 22. maí 2019 var Oliver SH 248 á strandveiðum á Breiðafirði. Veður:

Á veiðunum missti báturinn stýri og óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Björg dró bátinn til hafnar á Rifí. Daginn eftir var aftur óskað eftir aðstoð vegna bilunar á stýri og aftur dró Björg bátinn til hafnar í Rifí.

**Við rannsókn kom fram:**

- að slanga við stýristjakk sprakk og tæmdist olúkerfið fyrir stýrið. Skipstjóri skipti út slöngunni, sem var orðin gömul, en daginn eftir sprakk sú slanga einnig og tæmdist þá olúkerfið aftur;
- að sett var önnur gerð af slöngu sem ekki þoldi þrýstinginn;
- að í ljós kom að stýrisblaðið hafði ekki verið sett rétt á stamman í viðgerð sem fór fram á stýrisstammanum stuttu áður þannig að báturinn beygði einungis 20° í annað borðið sem orsakað aukið álag á stýrisbúnaðinn;
- að skipt var um allar slöngur við stýristjakkinn og settar vírofnar háþrýstislöngur í staðinn;
- að neyðarstýri fyrir bátinn var um borð en skipstjórinn ákvað að fá aðstoð þar sem stutt var í land.

**Nefndarálit:**

Orsök atvikana var að stýrisblaðið hafði verið rangt sett á stýrisstamman.